

Helstu skattalagabreytingar

Skattadagurinn 2023 | Haraldur I. Birgisson, lögmaður og meðeigandi



1

Helstu skattalagabreytingar 2022

2

Skattatengdar hugleiðingar



1

Helstu skattalagabreytingar 2022



Fari greiðsla fram með eign atvinnurekstrar skal ákvarða hagnað eða tap með sama hætti og hefði eignin verið seld ótengdum aðila, þ.m.t. við úttekt eigenda, og skattleggja hjá viðkomandi félagi



Áréttað að sérstakt fyrningarálag taki eingöngu til eigna í formi lausafjár sem teljast umhverfisvænar og stuðla að sjálfbærri þróun og nái þannig ekki til annarra eigna, þrátt fyrir lagasetningu þess efnis árið 2021



1

Skattafrádráttur vegna nýsköpunar og þróunar

Framlengdur um 2 ár, rekstrarárin 2023 og 2024. Hámark kostnaðar til útreiknings frádráttar nemur 1,1 ma. kr. samanborið við 1 ma. kr. 2022. Lítil félög fá 35% frádrátt af kostnaði en meðalstór og stór 25%.

2

VSK ívilnun vegna rafmagns- og vetnisbifreiða

20.000 bifreiða fjöldatakmörkun felld brott, ívilnun gildir áfram út árið 2023 en lækkun verður á hámarki undanþágu. Ívilnanir fyrir tengiltvinnbifreiðar féllu niður 31. desember 2022.

3

Sérstakt 5% vörugjald á bifreiðar

Á öll ný vélknúin ökutæki með skráða losun sem og rafmagnsbifreiðar. Losunarviðmið verða hert en skattprósenta tengd þeim viðmiðum lækkar um 0,3% á móti.

4

Veiðigjald og verðmætagjald vegna sjókvíaeldis

Séu skattalegar fyrningar samtals hærrí en 20% af fyrningargrunni að viðbættum 200 millj. kr. skal ríkisskattstjóri dreifa því sem umfram er á næstu fimm ár. Tímabil sem liggur til grundvallar verðmætagjalds sjókvíaeldis breytt.



7,7% hækkun á svokölluðum krónutölusköttum – nær m.a. til áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjalds ásamt gjalds í Frkv.sj. aldraðra, útvarps- og sóknargjalda



Áfengisgjald fer úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50%, þegar um er að ræða sölu áfengis og tóbaks í tollfrjálsum verslunum – ein af aðgerðum til að draga úr þenslu og verðbólgu



Úrvinnslugjald á eldri álagningarstofna hækkar úr 22 kr. /kg (pappi og pappír) í 42. kr. og úr 30 kr. (plast) í 82 kr. – nýtt 25 kr. gjald á umbúðir úr gleri og málm og 10 kr. á timbur



Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem nú er 14,52%, verði hækkað um 0,22% samhliða lækkun tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í öllum skattþrepum einstaklinga



Skrá þarf leigusamninga í gagnagrunn HMV eða telja leigutekjur sérstaklega fram á framtali til að undanþága um 50% brúttóleigutekna teljist til fjármagnstekna





Frumvarp til laga
um breytingu á ýmsum
lögum um skatta og gjöld
(kaupréttur, mútubrot o.fl.).



Kaupréttir í sprotafyrirtækjum

Tekjur starfsmanna, stjórnarmanna og sérhæfðra ráðgjafa nýsköpunarfyrirtækja vegna kaupréttanna verði skattlagðar sem fjármagnstekjur, séu tiltekin skilyrði uppfyllt.



Kostnaðarverð fyrnanlegra eigna

Eignir með kostnaðarverð undir 630.000 kr. verði heimilt að færa til gjalda að fullu á því ári þegar þeirra er aflað, hækkun úr 250.000 kr. í takt við verðlagsbreytingar frá árinu 2001 og til að einfalda skattskil.



Sameiningar og skiptingar félaga

Upphaf og lok samruna- eða skiptinga eigi sér stað innan tekjuársins, skattaleg réttindi og skyldur hafi endanlega færst til hluthafa og félaganna á viðkomandi tekjuári – til að ráðstöfunin hafi ekki skattalegar afleiðingar fyrir hluthafa og félögin.



Enginn afdráttarskattur af arði til breskra félaga

Tvísköttunarsamningur lækkar, að uppfylltum skilyrðum, afdráttarskatt á arðinn í 5% en bresk félög geta eftir Brexit ekki lækkað skattinn frekar líkt og félög innan EES geta gert.

2 | Skattatengdar hugleiðingar



Erfið staða skattaðila gagnvart skattyfirvöldum – gagnagrunnur Deloitte Legal

Það er á brattann að sækja

- Af ríflega 50 dómum Hæstaréttar á sviði einkamála fyrirtækja þá ber ríkið sigur úr býtum í um 65% tilvika
- Í öllum tilvikum voru það fyrirtæki sem lögðu málin upphaflega í héraðsdóm – sem virðist vera að breytast
- Skattyfirvöld töpuðu nýverið máli fyrir YSKN sem ákveðið var að ríkislögmaður tæki áfram fyrir dómstóla
- Rými fyrir umtalsvert mat á skattareglum og skattframkvæmd er oft og tíðum ógagnsæ – skortir verulega á birtingu álita
- Nýlegt dæmi um lagasetningu þar sem Yfirskattanefnd hafði fallist á málatilbúnað skattaðila – er borin von að vinna stóra bróður?
- Sáttameðferð fyrir skattyfirvöldum – skapa þarf lagalegan ramma enda hagsmunir allra að leikreglur séu skýrar






Ívilnanir settar fyrir tæpum 7 árum

- 25% tekna erlendra sérfræðinga sem uppfylla tiltekin skilyrði eru undanþegin skattlagningu fyrstu 3 árin frá ráðningu
- Markmiðið að greiða fyrir og laða að erlenda sérfræðinga, í takt við nágrannalönd okkar
- Greining SI sýnir að fyrirtæki í hugverkaiðnaði þurfa að ráða hundruðir erlendra sérfræðinga á næstu árum eigi vaxtaráform þeirra að ganga eftir
- Nýleg könnun Deloitte og Framvís sýnir að stjórnendum hraðvaxtarfyrirtækja hefur reynst erfitt að laða erlenda sérfræðinga til landsins
- Löndin í kringum okkur hafa verið að bæta í, bæði í umfangi og lengd ívilnana en jafnframt eru tiltekin hlunnindi tengd ferðalögum og fjölskyldum undanþegin skattlagningu
- Ísland er því að dragast aftur úr og við því þarf að bregðast, því við viljum að þessi störf verði til hér – eingöngu ábati

Sýnidæmi: Skattaáhati yfir gildistíma skatthvatakerfis

Heildarskattaáhati fyrir hvern erlendan sérfræðing í m.kr. yfir gildistíma skatthvatakerfis milli samanburðarlanda, m.v. tilteknar forsendur





Americans among those stranded at Iceland's Keflavik Airport since the weekend, and unable to travel to their hotels due to severe weather.

"We were stranded with no re snacks and a floor to sleep or

Svaf á töskufæribaldi og vill aldrei aftur koma til Íslands

Bjarki Sigurðsson skrifar · 20. desember 2022 09:31




Rúta með ferðamenn för út af vegi á Reykjanesbrautinni í gær

nbcnews.
American
Heavy sn
passenge

Storm Over Iceland: Closed Roads, Cancelled Flights, Homes Evacuated

Published February 22, 2022

4:07 PM · D



DUGGAN/HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

A Total Of 50 Weather Warnings This Summer

Published September 9, 2022

10/10

Prepare To Pay A Lot

Iceland is one of the most beautiful countries you will ever visit, and it also happens to be one of the most expensive. Probably not the ideal location for when you're looking for a budget-friendly trip, Iceland is a place where you'll have to part with more of your money than you probably realize.

9. Try some of Iceland's more unusual foods

Icelandic cuisine can be as challenging – or not – as you like. Begin the day with a bowl of skyr, a yoghurt-like dairy product which is delicious. When you're ready for dinner, lamb is popular here. The humble hot dog is also a firm favourite and, you'll be pleased to learn, cheap. Join the queue to try one at Baejarins Beztu



The High Cost Of Living: Renting And Being Foreign In Reykjavik

Published January 18, 2021

2. Nudity is something normal

If you go to public pools, you'll have to take a shower completely naked in front of everybody. No swimming suit. While it is certainly not common in other countries, it's totally normal in Iceland and nobody will even look at you. If you go to a hot pound in the country-side, chances are high that people will just bath in their Adam's and Eve's clothes.

1. Many Icelanders believe in elves


Between 30 and 40% of Icelanders will not deny the existence of elves. Icelandic folklore is still rich with stories about the Huldufólk, meaning "hidden people", who are said to live in the lava fields.



Takmarkaðir jákvæðir hvatar til að gera betur í loftslagsmálum

ESB stefnir að kolefnishlutleysi Evrópu fyrir 2050

Græni sáttmáli ESB miðar að því að umbreyta áskorun í einstakt tækifæri með því að minnka 55% af losun gróðurhúsalofttegunda um 2030 og ná hlutleysi í loftslagsmálum árið 2050 með yfirgripsmiklum stefnum á 8 aðgerðasviðum:



1

Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið í takt við áherslur ESB og á grunni viðamikillar aðgerðaáætlunar

2

Árangur þeirra aðgerða veltur á stórum hluta á atvinnulífinu og samstarfi við stjórnvöld – losunarmarkmið fyrir hvern geira

3

Takmarkaðir jákvæðir beinir hvatar til að ýta undir markvissar aðgerðir fyrirtækja – aðeins 1 af 11 tillögum um hvata til umskipta

4

Innleiðing umfangsmikils ESB regluverks sem mun kalla á mikla fjárfestingu fyrirtækja í ferlum og miðlun upplýsinga

5

Tækifæri til að gera betur á þessu sviði til að hraða þeim umskiptum sem við viljum sjá í loftslagsmálum



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landssvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 415.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félög, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2023. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte Legal ehf.